

Tillaga  
Afgreiðsla

A 2000/UVN  
Norræna velferðarnefndin

## Nefndarálit um tillögu um aukið jafnrétti í loftlagsmálum

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að taka upp kerfi fyrir reglulega söfnun bestu venja til að styðja við innleiðingu UNFCCC GAP á Norðurlöndum
- að halda leiðtogafundi og málþing til að ræða samþættingu jafnréttissjónarmiða í loftlagsmálum og norræna reynslu, aðgerðir, áskoranir og starfsvenjur
- að samþætta jafnréttissjónarmið í umsóknarferli verkefna á sviði loftlagsmála og grænna umskipta

### Bakgrunnur

Skýrslan [A review of the Nordic implementation of the UNFCCC Gender Action Plan](#)<sup>1</sup> rannsakar hvernig norrænu ríkin hafa innleitt Gender Action Plan, áætlun í tengslum við rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem hefur það markmið að flétta sjónarmið jafnréttis inn í loftlagsaðgerðir.

Í skýrslunni er greint frá framförum og hindrunum á fimm áherslusviðum: uppbyggingu á getu, kynjajafnvægi og forystu, samstöðu, kynjameðvitaðri framkvæmd og eftirfylgni. Einnig er greint frá hindrunum á borð við skort á forgangsröðun og þekkingu í stjórnámálum, skort á kynjagreiningu og of mikilli áherslu á tæknilausnir sem hætt er við að jaðarsetji félagslega þætti loftslagsstarfsins. Dæmi eru gefin um góðar starfsvenjur, svo sem skyldubundinn kynjakvóta á Íslandi og áætlun Svíþjóðar um samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá ríkisstofnunum.

Í skýrslunni kemur fram að mismunandi er hve mikla þekkingu ráðamenn á Norðurlöndum hafa á tengingunni milli kynjajafnrétti og loftslagsmála. Þrátt fyrir aukna hlutdeild kvenna í loftslagsstarfi er kynjaójafnvægi enn sérstaklega að finna á sviði náttúruvísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði. Norðurlöndin sýna mismikinn árangur við að samþætta jafnréttismál í loftslagsstefnur landanna. Á meðan sum landanna hafa takið upp kynjakvóta í loftslagsáætlunum er þá ekki að finna hjá öðrum. Skortur er á kerfisbundinni eftirfylgni með samþættingu jafnréttissjónarmiða í loftslagsmálum.

<sup>1</sup> <https://www.norden.org/is/node/86986>



Skýrslunni lýkur á tillögum um hvernig norrænu löndin geta bætt viðleitni sína við að flétta jafnréttissjónarmið inn í loftlagsstefnur sínar. Meðal annars er lagt til að þróaðar verði landsbundnar áætlanir, að úrræði og geta verið eflid og að aukin verði samræming og þekkingarmiðlun milli landanna.

Jafnrétti er eitt af [fjórum þverlægum sjónarmiðum](#)<sup>2</sup> í „Framtíðarsýn 2023“ norrænu landanna um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Það þýðir að allar ákvarðanir, fjárhagsáætlanir og aðrar áætlanir þurfa að taka tillit til jafnréttissjónarmiða. Það gefur enn meiri ástæðu til að uppfylla kröfur og tillögur skýrslunnar.

### Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin vill vinna áfram með tillöguna, sem hún telur vera mikilvæga bæði í landsbundnu, norrænu og alþjóðlegu samhengi. Tillagan samræmist stefnu Norðurlandaráðs markmiðum nefndarinnar og undirstrikar mikilvægi þess að nefndin taki þátt í COP, CSW og öðrum landsbundnum, norrænum og alþjóðlegum viðburðum og verkefnum sem tengjast jafnrétti, sjálfbærni í félagsmálum og sjálfbærum samfélögum.

Norðurlandaráð hefur samþykkt tilmæli A 1958/UVN um jafnrétti í loftlagsmálum og þessi tillaga styður og skýrir vilja Norðurlanda til að fylgja markmiðum SP eftir í norrænu samhengi.

Tillagan varpar einnig ljósi á aðkomu að ákvarðanatöku um „græn“ málefni. Konur koma í mun minni mæli að ákvörðunum um umhverfi og loftslag. Rannsóknir sýna að karlar og konur hafa almennt mismunandi óskir og neyslumynstur og nefndin telur mikilvægt að hefja aðgerðir á þessu sviði til þess að koma í veg fyrir félagslega- og jafnréttislega skekkju í loftlagsmálum.

Jafnrétti í loftlagsmálum er hornsteinn grænna umskipta og loftlagsaðgerða og nefndin telur jafnrétti vera forsendu þess að markmið um sjálfbærni og jafnrétti náist bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavísu.

Nefndin telur mikils virði og norrænt notagildi felast í því að vinna frekar með tillöguna, sem spilar beint inn í *Framtíðarsýn 2030* um græn og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Með hliðsjón af þessu vill nefndin vinna frekar með tillöguna um aukið jafnrétti í loftlagsmálum.

---

<sup>2</sup> <https://www.norden.org/is/information/saman-um-sjalbbaera-throun-jafnretti-og-sjonarmid-barna-og-ungmennna>



*Flokkahópur hægrimanna og Norrænt frelsi setja fram fyrirvara um afgreiðslu tillögunnar.*

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*

*Eva Biaudet (sv)*

*Eva Lindh (S)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*

*Tobias Drevland Lund (Rødt), Noregi*

*Truls Vasvik (A)*

#### FYRIRVARI

Við í flokkahópi hægrimanna deilum þeirri skoðun að mikilvægt sé að jafnréttissjónarmið séu felld inn í loftslagsmál. Það er því ánægjulegt að kynjajafnrétti hefur verið hluti af Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2001 og er nú varanlegur dagskrárliður á fundum aðilanna. Jafnréttissjónarmið þurfa að vera stöðugt til staðar og Norðurlönd, sérstaklega nú á tímum sem við lifum á, þurfa að vera sterk rödd í jafnréttisstarfi á öllum sviðum og ekki síst í loftslagsmálum. Í þessu samhengi er rétt að nefna mikilvægi þátttöku þingmanna á leiðtogafundum á borð við COP og CSW. Norrænir þingmenn hafa nefnilega mikilvægu hlutverki að gegna sem fulltrúar metnaðarfullrar og árangursríkar vinnu að jafnréttismálum.

Við þurfum einnig að þróa vinnuna á Norðurlöndum hvað varðar jafnréttissjónarmið í loftslagsmálum. Við teljum þó ekki þörf á að vinna meira með tillöguna. Í stað þess að koma á nýju ferli ætti að efla og þróa frekar fyrirliggjandi samstarfsleiðir. Við höfum einnig góða trú á því að Norræna ráðherranefndin muni halda áfram að halda á lofti jafnréttissjónarmiðum og innleiðingu jafnréttismála með viðeigandi hætti.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)*

*Johan Hultberg (M)*

*Maaret Castrén (saml)*

*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*

#### FYRIRVARI

Norrænt frelsi er gagnrýnt á tillöguna um að fella jafnréttissjónarmið inn í norræna loftslagsstefnu. Við teljum að stefna í loftslagsmálum eigi að beinast að raunhæfum umhverfis- og orkustefnulausnum frekar en að vera nýtt sem verkfæri hugmyndafræðilegrar umræðu.



Enn fremur sjáum við engar vísbendingar um að kynbundin nálgun við aðgerðir í loftslagsmálum myndi leiða til betri árangurs. Þvert á móti óttumst við að ónauðsynlegar kröfur um kynjajafnvægi í ákvarðanatöku geti leitt til skrifræðis og takmörkunar á faglegri hæfni í loftslagstengdum verkefnum.

Af þessum sökum vill Norrænt frelsi ekki halda áfram með tillöguna.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Mikkel Bjørn (DF)*